



Fréttatilkynning

05 May 2022 17:30:00 GMT

Arion banki: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

Arion banki lauk í dag útboði á nýjum sértryggðum skuldabréfaflokki ARION CB 27 fyrir samtals 3.220 m.kr.

Í heild bárust 14 tilboð að fjárhæð 3.900 m.kr að nafnverði bárust í flokkinn ARION CB 27 á ávöxtunarkröfu á bilinu 5,69-6,00%. Tilboð að nafnverði 3.220 m.kr. á kröfunni 5,84% voru samþykkt.

Til viðbótar verður flokkurinn stækkaður um 960 milljónir vegna verðbréfalána til viðskiptavaka. Heildarstærð flokksins verður 4.180 m.kr eftir útgáfuna.

Í samræmi við útboðstilkynningu bauðst Arion banki til að kaupa til baka ARION CB 22 gegn sölu í útboðinu á fyrirframákveðna verðinu 100,756. Niðurstaða skiptiútboðs leiðir til þess að Arion banki kaupir 2.740 m.kr. að nafnverði í flokknum ARION CB 22.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipti í Nasdaq Iceland þann 12. maí 2022.

Umsjónaraðili útboðsins var Markaðsviðskipti Arion banka.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468, eða Gunnars Erlingssonar, Mörkuðum, gunnar.erlingsson@arionbanki.is, s. 858 8392

Viðhengi

[Arion banki: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)